



## Akureyrarbær

### Starfsáætlun frístundaráðs 2021

Kynning og umræða í bæjarstjórn 15. júní 2021

Eva Hrund Einarsdóttir formaður frístundaráðs

Frístundaráð Akureyrarbæjar fjallar um jafnréttismál og önnur mannréttindamál, tómstundamál, íþróttá- og forvarnamál í umboði bæjarstjórnar Akureyrar.

Ég er einungis búin að vera formaður ráðsins síðan í október sl. en ég tók við í miðju fjárhagsáætlunarferli sem var töluverð áskorun. Mig langar til þess að nýta tækifærið og þakka starfsfólki og nefndinni og þá sérstaklega Kristni Reimarssyni og Önnu Hildi fv. formanni nefndarinnar fyrir að taka afskaplega vel á móti mér og fyrir að aðstoða mig við að koma mér inn í hlutina.

Fjárhagsáætlun fyrir þetta ár einkenndist af því að stefnt er að því að ná sjálfbærni í rekstri sveitarfélagsins og því var ljóst að taka þurfti erfiðar ákvarðanir við gerð starfs- og fjárhagsáætlunar.

#### Tómstundamál

Miklar breytingar eru í gangi varðandi tómstundamál og er ekkert launungarmál að tekin var í hagræðingarskyni afar umdeild ákvörðun en það var að færa starfsemi Punktsins fyrir fullorðna upp í Víðilund. Í fyrstu mætti ákvörðunin mikilli andstöðu en með miklu samtali undanfarna mánuði þá finnst mér verkefnið vera komið á þann stað að það ríki mun meiri sátt heldur en var þó að það verði líklega aldrei svo að allir verði alsáttir. Um áramót kom nýr stjórnandi inn yfir þennan málaflokk og má segja að mikið hafi mætt á honum hans fyrstu mánuði í starfi og vil ég sérstaklega hrósa Bjarka Ármanni Oddssyni fyrir það hvernig hann hefur staðið að þessum breytingum sem og starfsfólki Punktsins og Víðilundar. Þau hafa verið afar lausnamiðuð og smitað út frá sér jákvæðni í þessum breytingum öllum. En með þessum breytingum gefast mikil tækifæri fyrir samþættingu og aukið framboð af tómstundum fyrir fullorðna. Eins gerir þetta okkur kleift að bjóða upp á þjónustu yfir sumartímann sem hefur ekki verið raunin á Punktinum til þessa. Áhersla er lögð á að jafna þjónustu milli félagsmiðstöðvanna í Bugðusíðu og Víðilundi og að starfsfólk muni flæða meira þar á milli. Eins er stefnan að leggja meiri áherslu á heilsueflandi þætti og nýta í meira mæli þekkingu og reynslu þeirra sem sækja félagsmiðstöðvar fullorðinna.

Starfsfólk félagsmiðstöðvanna og Punktsins komu með þá hugmynd að félagsmiðstöðvarnar myndu fá sér heiti og heitið á Punktinum sem slíkum yrði lagt niður. Farið var í samtal við notendur um þessa hugmynd sem féll vel í kramið og kom fullt af hugmyndum um nöfn á félagsmiðstöðvarnar. Niðurstaða liggur nú fyrir og verður óskað eftir því að þær fái heitin **Birta** (Bugðusíða) og **Salka** (Víðilundur), **félagsmiðstöðvar fólksins**.

Starfsemi Punksins er snýr að börnum er enn þá staðsett í Rósenborg og verður þar næsta skólavetur og samnýtir aðstöðuna með Lundarskóla. Hvað svo gerist eftir að Lundarskóli fer aftur í sitt húsnæði á eftir að koma í ljós. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem krefst samtals við fræðsluvið en umræðan hefur verið á þann veg að koma þessari starfsemi fyrir í skólunum og á þá eftir að ákveða hvort allri starfseminni verði komið fyrir á einum eða fleiri stöðum. Gerð var könnun meðal foreldra um þjónustu Punksins og voru skiptar skoðanir á því hvort skipta ætti upp starfseminni eða ekki en meirihluti var þó á því að gera það ekki. Það að flytja þessa starfsemi í nærumhverfi barnanna ætti að minnka skutl foreldra milli staða. Þó gæti frístundastrætóinn sem ég mun minnst á hér síðar hjálpa til við að minnka skutlið. Mikil ánægja er með starfsemina og vil ég hrósa starfsfólki fyrir það frábæra starf sem fer þar fram.

Nú er allt tómskundastarf barna og unglunga á Akureyri komið undir samfélagssvið en til þessa hefur velferðarsvið haldið utan um tómskundastarf fyrir fötluð börn og ungmenni. Með þessu ætlum við að reyna að ná meiri samlegð í starfsmannahaldi og í aukinni þjónustu við alla, óháð fötlun. Eins er lögð áhersla á að horfa í meira mæli til heilsueflandi tilboða og framboðs í þessari þjónustu. Í ljósi þessara breytinga hafa starfsmenn verið að yfirfara verkferla og ljóst er að uppfæra þarf reglur um félagslega liðveislu.

## Forvarnamál

Akureyrarbær leggur mikla áherslu á að hlúa að öllum þáttum frístundastarfs með því að tryggja fjölbreytilegt framboð innan sveitarfélagsins. Eins hefur verið lögð áhersla á að ráða inn fagfólk til þess að tryggja gæði starfsins og hámarka forvarnagildi þess.

Unnið er að því að endurskoða forvarnastefnuna og var ákveðið að ráðast í úttekt á stöðu forvarnamála til þess að setja ný viðmið og mælikvarða fyrir nýja stefnu. Ráðið fékk kynningu á þessari úttekt í síðustu viku. Er ánægjulegt að segja frá því að við erum að gera vel í þessum málaflokki þó svo að þó nokkur tækifæri séu til úrbóta.

Einn af þeim þáttum sem bent var á í úttektinni var að vinna markvisst með gögn, rannsóknir og mælingar sem er í takt við það verkefni sem farið er af stað en það er gagnasöfnun fyrir mælaborð sem sýnir vísitölur barnvæns samfélags sem mun klárlega einnig nýtast við mótun á nýrri stefnu en svona mælaborð gerir okkur auðveldara með að taka ákvarðanir út frá gögnum en ekki tilfinningu. Í því samhengi má nefna að í starfsáætlun er verkefni sem snýr að því að móta stefnu um söfnun miðlægra ganga sem tekur mið af greiningu þjónustuþátta. Vinna sem þarft er að klára til að auðvelda okkur í pólitíkinni að taka upplýstar ákvarðanir út frá tölulegum gögnum. Þessi vinna er hluti af aðgerðaáætlun mannréttindastefnunnar og á ábyrgð fjársýslusviðs en vinna sem unnin er þvert á svið.

Af öðrum niðurstöðum úttektarinnar má nefna að lagt er til að forvarnastarf á miðstigi grunnskólanna verði eftt. Efla þarf leitarstarf inni í skólunum og grípa inn í fyrr en gert er í dag. Lagt er til að forvarna- og félagsmálaráðgjafar hafi meiri viðveru í skólunum og farið verði í að skilgreina samstarf milli grunnskólanna og starfsmanna félagsmiðstöðvanna. Þessi vinna

er reyndar hafin og verður kláruð núna í byrjun haustannar. Einnig er nefnt að efla þurfi foreldrafræðslu og samstarf við foreldra og brúa betur bilið á milli grunn- og framhaldsskóla. Allt eru þetta atriði sem þarf að rýna betur og leggja mat á. Það er áhersluatriði okkar í þessari bæjarstjórn að vinna með börnum og ungmennum auk viðkvæmra hópa sé í forgangi og því ber okkur að taka tillit til þessara ábendinga sem skýrsluhöfundar leggja til.

Samstarf aðila í forvarnamálum er gríðarlega mikilvægt og höfum við því lagt áherslu á að efla starf stóra forvarnateymisins með áherslu á aldurshópinn 14-18 ára. Nú nýlega réði lögreglan hér á Norðurlandi í stöðu forvarnafulltrúa og er mikið og gott samstarf milli bæjarins og þess aðila. En vert er að taka fram að þessi staða innan lögreglunnar er einungis fjármögnuð til áramóta og þurfum við því að hvetja ríkisvaldið til þess að tryggja áframhaldandi fjármagn þar sem þessi staða er gríðarlega mikilvæg fyrir okkar samfélag. Í haust er áætlað að fari af stað áttak er snýr að stafrænum miðlum en á síðasta fundi frístundaráðs fengum við að sjá sláandi niðurstöður hvað þessi mál varðar. Ef litið er til nemenda í 10. bekk þá má sjá að 55% stráka horfa á klám einu sinni í viku eða oftar og 13% á hverjum degi. Uggvænlegar niðurstöður má einnig greina um ögrandi eða nektarmyndsendingar. Mikilvægi þess að fræða börn og kenna þeim stafræn samskipti hefur því aldrei verið meiri.

Akureyrarbær er barnvænt samfélag og getum við öll verið afar stolt af því en það er verkefni sem við þurfum stöðugt að vera að vinna að og nú er komið að því að endurnýja aðgerðaáætlun þess efnis til þess að halda áfram innleiðingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Í síðustu viku komu fulltrúar frá UNICEF og áttu fund með ungmennaráði, starfsmönnum og okkur í pólitíkinni í þeim tilgangi að fara yfir stöðu verkefnisins og leggja mat á hvernig hefur gengið og jafnframt til að gera kynningarmyndband sem nýttast mun öðrum sveitarfélögum sem eru að fara í þessa vegferð í innleiðingu barnasáttmálans. Það er engum blöðum um það að flétta að það er mikið horft til okkar hér á Akureyri með þetta verkefni og hversu vel hefur tekist til með innleiðinguna. Starfsemi ungmennaráðs hefur vakið mikla athygli og þarf áfram að halda vel utan um vinnuna með ráðinu sem og við gerð næstu aðgerðaáætlunar barnvæns sveitarfélags.


Í starfsáætlun var lögð áhersla á að þegar verið er að setja verkefni í gang er stuðla að bættri líðan fólks að þá sé verið að horfa á niðurstöður lýðheilsuvísa og niðurstöður rannsókna Rannsóknar og greiningar. Þó nokkur verkefni hafa verið sett af stað núna eins og nikotín- og veipfræðsla verið uppfærð. Sett af stað Podcast um forvarnartengd mál og eins og áður sagði er verið að fara af stað með verkefni tengdu samfélagsmiðlum og einelti á netinu.

Í hagræðingarskyni var tekin ákvörðun um að draga úr starfsemi ungmennahúss og forvarnir verði í meira mæli innan veggja skólanna og lögð áhersla á aldurshópinn 10 - 18 ára. Þetta krefst þess að við förum í meira samstarf við framhaldsskólana heldur en nú er. VIRKIÐ sem hefur verið hluti af starfsemi Ungmennahúss verður þó starfrækt áfram sem liður í því að koma til móts við viðkvæma hópa og aðstoða ungmenni sem eiga við margvíslegan vanda til að fóta sig í lífinu.

Í starfsáætlun hefur verið lögð áhersla á að auka fjarþjónustu til viðkvæmra hópa með fjarbúnaði og hefur verið notast við Kara Connect í því sambandi. Það mun vonandi auka þjónustuna og gera það að verkum að hægt er að ná betra sambandi við fleiri aðila sem þurfa á þjónustu að halda.

Akureyri er þátttakandi í heilsuefandi samfélagi sem er mjög áhugavert verkefni sem Landlæknisembættið stendur fyrir þar sem miðað er að því að þróa samfélagslegan ramma utan um markvissa og heilðræna heilsueflingu allra aldurshópa. Nú sem stendur er verið að vinna að aðgerðaáætlun hvað þetta verkefni varðar en vert er líka að taka fram að skipaður hefur verið hópur sem er sérstaklega að horfa til aðgerðaáætlunar fyrir heilsueflingu eldri borgara og er áætlað að sá hópur skili af sér nokkrum tillögum þess efnis í haust svo hægt verði að horfa til þess í næstu fjárhagsáætlunargerð. Í þeirri vinnu hefur verið lögð áhersla á samtal við eldri borgara sem þar að auki eiga sinn fulltrúa í vinnuhópnum.

Eins og áður sagði þá er á starfsáætlun að endurskoða forvarnaáætlun en upp hefur komið sú hugmynd að sú stefna verði hluti af stærri stefnu en í ráðinu hefur verið til umræðu að fækka stefnum og mynda heildstæða stefnu – lýðheilsustefnu sem gengur þá þvert á svið en í henni sé horft til samhfæingar fleiri málaflokka og verkefna sem bærinn er í. Hérna er mynd af þeirri hugmynd sem við höfum verið að ræða og væri gott að fá álit ykkar bæjarfulltrúa á þessari hugmynd. En við höfum hér áður rætt um fjölda stefna og hvernig hefur tekist til að fylgja þeim eftir.



Aðrar stefnur Akureyrarbæjar sem snerta á lýðheilsuáætlun: Íþróttastefna, menntastefna, atvinnustefna, velferðarstefna, umhverfis- og samgöngustefna, menningarstefna, fjölmenningsstefna, ferðamálastefna og mannaútsstefna.

## Frístundastrætó

Nú í haust verður frístundastrætó settur á fyrir börn í 1.- 4. bekk. Þetta er verkefni sem við erum afar stolt af að sé að fara í gang en í skoðanakönnunum sem bærinn hefur látið gera þá hefur verið ákall eftir þessari þjónustu. Það er mikil vinna sem fer í að koma þessu heim og saman og vil ég nýta tækifærið og hrósa þeim sem hafa komið að þessu verkefni. Fjölmörg

Íþrótt- og tómstundafélög hafa fært til æfingátíma sína til þess að hægt sé að búa til samfellu í skóla og tómstundum fyrir þennan aldurshóp. Vonandi hefur þessi breyting jákvæð áhrif á fleiri aldurshópa á þann hátt að hægt sé að færa æfingátíma þeirra framár á daginn og börn séu því búin fyrr en ella. Samfara þessari breytingu höfum við lagt áherslu á að aukið verði við gæðastarf í frístund og er það eitt af verkefnum aðgerðaáætlunar nýrrar menntastefnu.

### Jafnréttis- og mannréttindamál

Í byrjun árs 2020 var samþykkt ný mannréttindastefna Akureyrarbæjar með metnaðarfullri aðgerðaáætlun. Í framhaldi af því var ráðinn jafnréttisfulltrúi í skilgreint 50% starfshlutfall til að vinna stefnunni framgang. Það hefur að mörgu leyti gengið vel að framfylgja stefnunni og þeim aðgerðum sem voru samþykktar en heimsfaraldur hefur þó seinkað einstaka atriðum og svo fór jafnréttisfulltrúinn til annarra starfa núna í byrjun maí sl. og ekki hefur verið ráðið í það starf aftur. Til að framfylgja stefnunni þurfum við að skoða vel hvernig við getum tryggt framkvæmd stefnunnar og eftirfylgni með þeim aðgerðum sem samþykktar hafa verið.

Núna er, eins og ég nefndi fyrr, verið að vinna í því að móta stefnu um miðlæga gagnasöfnun og greina þjónustuþætti innan allra sviða. Mótað hefur verið verklag við gerð svokallaðs hagsmunamats við gerð fjárhagsáætlunar sem á að auðvelda okkur að taka upplýstar ákvarðanir. Þetta er atriði sem við verðum engu að síður að vera meira meðvitaðri um þannig að tryggt sé að við vitum á hvaða hóp samfélagsins einstaka ákvarðanir munu hafa.

Í samvinnu við mannauðsdeild Akureyrarbæjar hefur verið innleidd fræðsla, KÁF, kynferðisleg áreitni á vinnustöðum sem hefur heppnast vel. Í tengslum við það verkefni hafa verið prentuð plaköt sem hanga á öllum starfsstöðum Akureyrarbæjar þar sem starfsmenn eru hvattir til að ræða þessi mál. Þessi fræðsla er afrakstur af norrænu verkefni sem Akureyrarbæjar tók þátt í á árunum 2018–2020.

### Íþróttamál

Fljótlega eftir að ég kom inn í frístundaráð skipaði það þrjá fulltrúa úr ráðinu til þess að fylgja eftir þeim kafla íþróttastefnunnar er snýr að því að á Akureyri verði starfrækt færri, stærri og faglegrí fjölgreinafélög í framtíðinni. Þetta er verkefni sem við munum í samstarfi við ÍBA leggja ríka áherslu á, á þessu starfsári, og höfum við nú þegar fundað með nokkrum félögum og nú þegar eru einhver félög farin að funda sín á milli varðandi sameiningar. Það er mikill akkur í því að félög sameinist. Við finnum í dag að það er orðið erfiðara að fá sjálfbóðaliða til þess að taka að sér stjórnarstörf þar sem því fylgir gríðarlega mikil vinna. Skyldur og kröfur til félaga eru alltaf að verða meiri og meiri. Með samlegðaráhrifum er hægt að ráða inn fólk með sérþekkingu til þess að sjá um hinn almenn rekstur og sjálfbóðaliðar geta því einbeitt sér meira að vinna að uppbyggilegu starfi félaganna.

Ýmiss konar hagræðing í íþróttamálum er í starfsáætluninni. Sumt var ráðist strax í að framkvæma eins og að endurskoða vaktafyrirkomulag í íþróttamiðstöðinni í Glerárskóla en nýtt vaktafyrirkomulag hófst núna 1. maí sl. þar sem starfsmenn fara nú milli sundlaugar og

Íþróttahúss og nýtt eru samlegðaráhrif til þess að draga úr kostnaði. Þjónustusamningar við íþróttafélögin voru frystir á þessu ári og eins var endurskoðaður hluti af samningi ÍBA en þar voru lagðir niður styrkir vegna leigu til þriðja aðila.

Það sem er í skoðun núna er hvort hægt sé að samnýta starfsmenn í meira mæli milli íþróttamannvirkja. Eins er verið að skoða hvort gera eigi Glerárlausningu að kennslu- og æfingalausningu og að hún verði lokað yfir sumartímamann. Vil ítreka að það er bara í skoðun og ekki er búið að taka ákvörðun í þeim efnum og mun starfsemin í Glerárlausningu vera óbreytt í sumar.

Íþróttastefnan sem við erum að vinna eftir núna gildir frá 2018-2022. Því höfum við einsett okkur að byrja endurskoðun á henni á seinni hluta þessa árs. En við yfirferð á stefnunni þá er margt þar inni sem krefst gríðarleg fjármagns sem er þá eitthvað sem við þurfum að skoða í takt við það að við erum að horfa til sjálfbærni í rekstri sveitarfélagsins.

Í starfsáætlun er lögð áhersla á heilsueflandi samfélag og er hluti af því að vera með framboð af heilsueflandi tilboðum. Á fundi frístundaráðs þann 5. maí sl. var samþykkt að vera með sérstakt tilboð á árskortum í sund núna í maí í tilefni Akureyri á iði. Eins höfum við horft til þess að bjóða upp á mun meira framboð af heilsueflandi viðburðum í félagsmiðstöðvunum í Víðilundi og Bugðusíðu eins og áður sagði.

Samtal er hafið milli Akureyrarstofu og frístundaráðs varðandi aðkomu að íþróttatengdum viðburðum en áætlað er að taka samtal við íþróttafélögin á formannafundi ÍBA í haust til þess að fá þeirra sjónarmið fram í þessum efnum. Markaðssetning á íþróttabænum er í fullum gangi og vil ég benda á þáttaröðina Íþróttabærinn Akureyri á N4 en þar er þeirri fjölbreyttu flóru íþróttagreina í bænum gerð góð skil.

Það má gera ráð fyrir að COVID-19 muni hafa töluverð áhrif á börn og ungmenni þegar til lengri tíma er litið. Frístundaráð hefur lagt áherslu á að vel sé fylgst með brottfalli iðkenda síðustu misseri. Síðustu tölur sem við fengum voru afar ánægjulegar því ekki hefur orðið veruleg fækkun á iðkendum á aldrinum 5-19 ára. Auðvitað hefur fækkað hjá einhverjum félögum en þá hafa önnur félög náð að fjölga iðkendum. En líklega munum við ekki sjá áhrifin að fullu fyrr en næsta haust. En iðkendafjöldi er ekki það eina sem þarf að fylgjast með heldur þarf að horfa til skólaforðunar, félagslegrar einangrunar, ofbeldis gagnvart börnum og fleira.

Í starfsáætlun er verkefni er lýtur að Vetrariþróttamiðstöð Íslands, (VMÍ). VMÍ er samstarfsverkefni Akureyrarbæjar, menntamálaráðuneytis, Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og ÍBA. Lítið hefur áunnist í þessu verkefni síðustu misseri og er þetta verkefni meira á pappírnum heldur en annað. Taka þarf ákvörðun um framtíð VMÍ. Ef vel á að vera þarf þessu verkefni að fylgja fjármagn og veit ég að stjórn VMÍ er að leita eftir svörum hjá ráðuneytinu með framhald á þessu verkefni. Hér eru tækifæri til þess að bjóða upp á fyrirmyndar aðstöðu og þekkingu hvað þessi mál varðar enda ekki mörg sveitarfélög sem hafa bæði skíða- og skautaaðstöðu innan bæjarmarkanna.

## Atvinna

Í fjárhagsáætlunargerðinni var tekin ákvörðun um að horfa til þess að COVID-19 hafi mögulega áhrif á framboð á atvinnu fyrir ungt fólk í sumar. Mikilvægt er að halda ungu fólki í virkri atvinnuþátttöku og var því sett auka fjármagn í þennan þátt núna annað árið í röð. Ívið færri umsóknir voru í vinnuskólann nú í ár en í fyrra, 629 umsóknir nú en voru 696. Enn er opinn umsóknarfrestur fyrir sumarátakið en 36 umsækjendur voru í sumarvinnu með stuðningi sem er eilítil fjölgun frá því í fyrra. Ég heyri á starfsfólki að það kallar eftir meira samstarfi við félagasamtök og stofnanir en stundum gengur erfiðlega að finna farveg fyrir þessi störf og þá ekki síst innan kerfisins hjá okkur. Þetta er eitthvað sem við þurfum að ræða heilt yfir við stjórnendur ef vel á að vera. Vil samt taka fram að það eru nokkrir sem eru algjörlega til fyrirmyndar hvað þetta varðar.

Ákveðið var að fara í samstarf með Menningarfélaginu í sumar varðandi skapandi sumarstörf og er stefnt á að vera með götuleikhús starfandi í sumar. Það verður mjög spennandi að sjá afraksturinn af því samstarfi.

Í þessum málaflokki höfum við starfsfólk sem er að vinna frábært starf og sem formaður frístundaráðs er ég ótrúlega stolt af því hvernig miðar. Ég finn að hér vinnur starfsfólk að heilindum og hefur metnað til þess að vinna að framþróun.

Í þessari ræðu hef ég stiklað á stóru varðandi þau verkefni og markmið sem hafa verið sett fram í starfsáætlun þessar árs og hlakka til samtalsins við ykkur um málaflokkinn. En mig langar að lokum til þess að þakka samstarfsfélögum mínum í frístundaráði, Sveini, Sunnu, Önnu Hildi, Viðari, Ásrúnu og Þuru sem situr í ráðinu fyrir ungmennaráð sem og formanni og framkvæmdastjóra ÍBA fyrir gott samstarf. Jafnframt langar mig að þakka sérstaklega sviðsstjóra samfélagssviðs Kristni Reimarssyni en hann leiðir sviðið af mikilli fagmennsku og metnaði.